

1.fundur ársins 2021 haldinn í hreppsnefnd Árneshrepps miðvikudaginn 13.janúar 2021 kl.14:00 á skrifstofu hreppsins í Noðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur A.Ágústsson Steinstúni, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Björn G. Torfason Melum 1, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti bað um að fá að leggja til eitt mál til viðbótar varðandi samgöngur/jarðgangagerð á Vestfjörðum og verður það tekið fyrir sem liður nr. 6. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

1. Bréf frá Stígamótum, beiðni um styrk.
2. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða – lögð fram til kynningar.
3. Fundargerð frá desemberfundi, smá lagfæring.
4. Bréf til nokkurra aðila vegna fjarskipta í Árneshreppi.
5. Bréf frá Samb.ísl.sveitarfélaga, varðandi drög að viðbótum við landsskipulagsstefnu 2015-2026. Lagt fram til kynningar.

1.Bréf frá Stígamótum, beiðni um styrk. Ákveðið var að styrkja samtökin um kr. 60.000,-

2.Áfangastaðaáætlun Vestfjarða, lögð fram til kynningar. Nokkrar umræður urðu um þessa áætlun og hreppsnefndarmenn vilja skoða málið betur.

3. Fungargerð frá desemberfundi, smá lagfæring sem nú hefur verið gengið frá.

4. Bréf til nokkurra aðila vagna fjarskipta í Árneshreppi. Hreppsnefnd er ekki ánægð með hve dræmt er tekið undir að leysa þau vandamál sem í gangi eru varðandi fjarskipti í sveitinni. Mestu skiptir auðvitað að símasamband/fjarskipti eru í algerlega óhæfu ástandi á flugvöllinum á Gjögri.

5.Bréf frá Samb.ísl.sveitarfélaga varðandi drög að viðbótum við landsskipulagsstefnu 2015-2026. Lagt fram til kynningar. Hreppsnefnd ætlar að skoða málið betur og gera athugasemdir ef þurfa þykir.

6. Samgöngur/jarðgangagerð á Vestfjörðum. Haldinn verður fundur varðandi jarðgangagerð á Vestfjörðum þ.18.janúar 2021. Vinna við samgöngu- og innviðaáætlun hefur verið hafin að nýju og áætlað að sú áætlun verði tilbúin í mars/apríl 2021. Hreppsnefnd telur að setja verði Veiðileysuháls í forgang og að Fjórðungssambandið og Vestfjarðarstofa eigi að leggja höfuðáherslu á að styðja það mál.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:00

